

153. löggjafarþing 2022–2023.
Þingskjal 770 — 568. mál.
1. umræða.

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar,
nr. 100/2007 (eingreiðsla).

Frá Ingu Sæland.

Við 1. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Við ákvæði til bráðabirgða í lögnum bætist nýr töluliður, svohljóðandi: Þeir 6.000 ellilífeyrisþegar sem lökust hafa kjörin og eiga rétt á greiðslu ellilífeyris skv. 17. gr. á árinu 2022 skulu fá eingreiðslu að fjárhæð 60.300 kr. Hafi lífeyrisþegi fengið greiddar bætur hluta úr ári skal eingreiðslan vera í hlutfalli við greiðsluréttindi hans á árinu. Eingreiðsla þessi, sem skal innt af hendi eigi síðar en 31. desember 2022, skal ekki teljast til tekna greiðsluþega og ekki leiða til skerðingar annarra greiðslna.

Greinargerð.

Lagt er til að tryggja þeim 6.000 ellilífeyrisþegum sem lökust hafa kjörin sambærilega eingreiðslu og mælt er fyrir um í 1. gr. frumvarpsins til öryrkja og endurhæfingarlífeyrisþega.